



REGLUGERÐ UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR ÍSÍ

1. grein

Framkvæmdastjórn ÍSÍ skal, er tilefni er til, veita einstaklingum, viðurkenningar samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórn ÍSÍ tekur ákvarðanir um heiðursveitingar. Þó er forseta ÍSÍ, formanni Heiðursráðs ÍSÍ og framkvæmdastjóra ÍSÍ heimilt að hafa samráð og taka ákvörðun um veitingu Silfurmerkis ÍSÍ, ef þannig ber undir.

2. grein

Heiðursviðurkenningar Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands skiptast í eftirfarandi flokka:

1. Heiðurskross ÍSÍ.
2. Gullmerki ÍSÍ.
3. Silfurmerki ÍSÍ.

3. grein

Heiðurskross ÍSÍ er jafnarma kross með upphleyptu merki sambandsins í miðju, borinn í borða í íslenskum fánalitum. Heiðurskross ÍSÍ má veita fyrir langvarandi og góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar í heild, einstakra íþróttahéraða, íþróttagreina eða félaga.

4. grein

Gullmerki ÍSÍ er kringlótt og er merki Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands grafið í miðju merkisins. Gullmerki ÍSÍ má veita þeim einstaklingum, sem innt hafa af höndum skipulags-, stjórnar- eða þjónustustörf fyrir íþróttasamtökin um lengri tíma.

5. grein

Silfurmerki ÍSÍ er silfurslegið merki, samskonar að lögun og hönnun og Gullmerki ÍSÍ. Silfurmerki ÍSÍ má veita einstaklingum sem unnið hafa gott og giftudrjúgt starf í þágu einstakra íþróttafélaga, íþróttahéraða og/eða íþróttahreyfingarinnar í heild.

.

6. grein

Tillögurétt um veitingu heiðursmerkja ÍSÍ hafa einstakir framkvæmdastjórnarmenn, heiðursráð ÍSÍ, stjórnir sérsambanda, íþróttahéraða og íþrótta- og ungmennafélaga. Tillögum skal fylgja yfirlit yfir helstu störf þess sem tilnefndur er og starfsferil innan íþróttahreyfingarinnar.

7. grein





Forseti ÍSí skal að jafnaði afhenda ofangreindar heiðursviðurkenningar, en í fjarveru hans varaforseti ÍSí, formaður Heiðursráðs ÍSí, framkvæmdastjóri ÍSí eða aðrir þeir sem framkvæmdastjórn ÍSí ákveður.

8. grein

Skrifstofa ÍSí skal skrá allar heiðursviðurkenningar ÍSí.

9. grein

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um sama efni frá 14. maí 1955, 27. apríl 1957, 7. desember 1963, 15. mars 1996, 11. september 2003 og 8. maí 2014.

10. grein

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí 15. október 2025.

